

## FW: Krafa um hækkun á framlögum til NPA samninga

**Til** : Íris Björk Pétursdóttir  
**Frá** : Rannveig Einarsdóttir  
**CC** : Sjöfn Guðmundsdóttir  
**Heiti** : FW: Krafa um hækkun á framlögum til NPA samninga  
**Málsnúmer** : 1512128  
**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Skráð dags** : 25.03.2021 10:02:54  
**Höfundur** : Rannveig Einarsdóttir

**Viðhengi** [image005.png](#)[image005.png](#)  
[image004.jpg](#)[image004.jpg](#)  
2021.01 - Útreikningur á jafnaðartaxta í NPA fyrir 2021.pdf[2021.01 - Útreikningur á jafnaðartaxta í NPA fyrir 2021.pdf](#)  
[image001.png](#)[image001.png](#)

Kveðja,

**Rannveig Einarsdóttir**

Sviðsstjóri

Fjölskyldu- og barnamálasvið

Strandgötu 6

rannveig@hafnarfjordur.is

585 5500 | 664 5711

[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

---

**From:** hjortur@npa.is

**Sent:** fimmtudagur, 18. febrúar 2021 16:16

**To:** Rannveig Einarsdóttir

**Cc:** Sóley Jónsdóttir

**Subject:** Krafa um hækkun á framlögum til NPA samninga

*Berist til:*

*Fjölskyldusviðs Hafnarfjarðar*

*Strandgötu 6*

*220 Hafnarfirði*

Kópavogur, 18. febrúar 2021

Þann 1. janúar sl. hækkuðu kjarasamningar á almennum vinnumarkaði og þar á meðal kjarasamningar við aðstoðarfólk í NPA (notendastýrð persónuleg aðstoð). Umsýsluaðilar NPA samninga bera skyldu til að standa skil á kjarasamningsbundnum réttindum NPA aðstoðarfólks og fylgja launahækkunum þeirra. Í því sambandi er vísað til 3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 um NPA. Jafnframt er aðráttarlaust vísað til þess að NPA notendur og umsýsluaðilar skulu fara eftir ákvæðum kjarasamninga við framkvæmd NPA í samstarfssamningi NPA miðstöðvarinnar og Hafnarfjarðarbæjar, sbr. einkum 4. kafla samningsins.

Forsenda þess NPA notendur og umsýsluaðilar geti framfylgt kjarasamningum er sú að sveitarfélögin geri það einnig. Þess vegna er skyldan til að fara eftir ákvæðum kjarasamninga aðstoðarfólks framlengd yfir á sveitarfélög, bæði í regluverkinu sem gildir um NPA og í samningum um þjónustuna.

Í V. kafla nefndrar reglugerðar um NPA er þannig fjallað um fjárhagslega framkvæmd þjónustunnar. Í 16. gr. segir að framlagið skuli *“taka mið af kjörum aðstoðarfólks samkvæmt gildandi kjarasamningum hverju sinni”*. Í ákvæði 10.1 í samstarfssamningi NPA miðstöðvarinnar og Hafnarfjarðarbæjar segir jafnframt að *“fjárhæðir greiddar fyrir hverja vinnustund skulu vera í samræmi við ákvæði kjarasamninga umsýsluadila sem gilda á almennum vinnumarkaði og taka breytingum í samræmi við kjarasamningsbundnar launahækkunir”*. Hér er því ekki verið að horfa til kjara annarra stétta eða almenna launapróun, heldur beinlínis vísað til kjara aðstoðarfólks, eins og þau eru hverju sinni. Skylda Hafnarfjarðarbæjar til þess að lúta ákvæðum kjarasamninga NPA aðstoðarfólks við útreikning á framlagi sínu til launakostnaðar í NPA er þannig afdráttarlaus og skýr.

Meðfylgjandi eru útreikningar NPA miðstöðvarinnar á uppreiknuðum lágmarkstöxtum NPA samninga frá 1. janúar 2021, með tilliti til kjarahækkana um áramótin ásamt forsendum og skýringum. Vakin er athygli á því að ekki er tekið tillit til fyrirhugaðrar styttingar vinnuvikunnar sem mun leiða af sér frekari hækkun á taxta á árinu. Taxtarnir eru eftirfarandi:

5.567 ? Grænn taxti sem gildir fyrir fulla NPA samninga sem eru án hvíldarvakta.

5.070 ? Gulur taxti sem gildir fyrir fulla NPA samninga þar sem unnt er að nýta hvíldarvaktir.

5.362 ? Blár taxti sem gildir fyrir alla aðra NPA samninga, þ.e. samninga sem ekki kveða á um næturvaktir.

NPA miðstöðin óskar eftir að Hafnarfjarðarbær uppfæri taxta sína til NPA samninga og að taxtahækkunirnar taki gildi frá síðustu áramótum. Telji Hafnarfjarðarbær sig ekki þurfa að hækka taxtana eða telur rétt að hækka taxtana um lægri upphæð en fram kemur í meðfylgjandi útreikningum NPA miðstöðvarinnar óskast það rökstutt sérstaklega. Telji Hafnarfjarðarbær að framangreindir útreikningar NPA miðstöðvarinnar séu of lágir er einnig óskað eftir staðfestingu bæjarins á því.

Vinsamlegast staðfestið móttöku á erindinu.

Bestu kveðjur,

## HJÖRTUR ÖRN EYSTEINSSON

Framkvæmdastjóri

**Samvinnufélag fatlaðs fólks með**

**notendastýrða persónulega aðstoð**

NPA MIÐSTÖÐIN

Urðarhvarf 8, 203 Kópavogur

Sími +354 567 8270

[www.npa.is](http://www.npa.is)

[Facebook](#)